

Kuldalegt hjá álftum í Lárósi



Það andaði köldu á álftirnar sem svömluðu um í Lárósi á mánudag, heldur átti eftir að kólna hjá þeim því að á þriðjudag fór frostið á utanverðu Snæfellsnesi í -7 gráður á láglandi og í tveggja stafa tölu

á heiðum á Snæfellsnesi, norðan vindur var með þessum kulda og þegar búið var að taka tillit til vindkælingar þá var kuldinn kominn fast að -20 gráðum.

Þetta eru mikil viðbrygði þar

sem að ekki eru nema nokkrir dagar frá því að hitatölur voru í plús og það ásamt mikilli úrkomu gerði það að verkum að allan klaka tók upp af götum og vegum.

Snæfellingar þurfa að klæða sig

vel í vikunni en þegar líður að helgi mun frostið aðeins gefa eftir og hitatölur nálgast frostmark, nóg er samt eftir af vetrinum en hægt er að gleðjast yfir því að með hverjum deginum styttest í vor.



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is




VÉLSMIÐJA
GRUNDAFJARÐAR

- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remeik og 898-5463 Þórður

Viðbygging við Lýsudeild Grunnskóla Snæfellsbæjar

Framkvæmdir við stækkun á Lýsudeild Grunnskóla Snæfellsbæjar eru hafnar. Verið er að bæta 250 fermetra viðbyggingu við núverandi húsnæði skólans en viðbyggingin samanstendur af fjórum kennslustofum, gangi og tengibyggingu við húsnæðið sem skólinn starfar í núna. Þessi nýja viðbót við Lýsudeild er hluti af þeim fjórum húsum sem Snæfellsbær keypti úr Öskjuhlíðinni á sínum tíma og áður voru notuð þar undir leikskólafélagi. Tvö húsnæði eldri borgara í Snæfellsbæ við Ólafsbraut og eru tæpir 500 fermetrar, aðra 250 fermetra er nú verið að setja upp við Lýsudeild og mun það fjórða, sem er 100 fermetrar að stærð, verða notað sem viðbygging við leikskólann Krílakot í Ólafsvík.

SJ



Gylfi dreginn úr hópi viðskiptavina Fönix



Dagana 22. til 25. nóvember var tilboð á öllum Milwaukee verkfærum og aukahlutum í verslun Smiðjunnar Fönix á Rífi í tengslum við svartan föstudag og adventukvöld í Snæfellsbæ. Ekki með nóg með það að viðskiptavinir hafi fengið tækifæri til að næla í verkfæri í jólapakkann eða á heimilið á góðu verði þá

fóru þau sem versluðu fyrir 10.000 krónur eða meira í pott og átta möguleika á að vinna Scott Speedster 30 Racer reiðhjól. Það var hann Gylfi Freyr Karlsson sem var svo heppinn að eiga nafnið sem kom upp úr pottinum og á meðfylgjandi mynd má sjá hann með gripinn.

SJ

Getraunir 1x2

Þar kom að því, enn einn af okkar tryggju viðskiptavinum var með alla 13 leikina rétta á seðlinum sínum síðasta laugardag. Hann keypti af okkur raðir fyrir innan við 500 krónur og fékk um 127.000 krónur í vinning. Til hamingju með það. Fjölmargir lögðu leið sína til okkar á laugardaginn og skemmtileg stemning myndaðist. Mikil velt vöngum yfir leikjum seðilsins og nokkrir

voru með 10 rétt úrslit, tveir með 11 og eins og áður segir einn með 13. Skemmtilegt þegar okkar viðskiptavinir næla í vinninga. Við verðum á laugardaginn, eins og fyrri laugardaga á milli klukkan 11.00 og 12.00 í Áttthagastofunni með kaffi á könnunni og gaman væri að sjá sem flesta koma og freysta gefunnar.

Áfram Víkingur



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Styrkir úr Uppbyggingarsjóði



Fyrri úthlutun ársins 2024 úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands fór fram föstudaginn 12. janúar síðastliðinn. Þetta er tíunda árið sem sjóðurinn úthlutar styrkjum til menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefna en hann er hluti af Sóknaráætlun Vesturlands. Að þessu sinni fór úthlutunarathöfnin fram í Hjalma-kletti í Borgarnesi þar sem rúmlega 120 manns komu saman.

Alls bárust 126 umsóknir fyrir þessa fyrri úthlutun ársins fyrir rúmlega 190 milljónir króna en veitt var styrk til 75 þeirra verkefna og nam heildarupphæðin 46.400.000 krónum. 13 verkefni hlutu styrk til atvinnuþróunar, alls 13.200.000 krónur. Til menningarverkefna fóru 27.450.000 krónur til 56 verkefna og sex stofn- og rekstrarverkefni á sviði menningar fengu alls 5.750.000 krón-

ur. Af þessum 75 verkefnum sem fengu úthlutað styrk rötuðu fjórir atvinnu- og nýsköpunarstyrkir til Grundarfjarðar og Snæfellsbæjar fyrir alls 2,000,000 króna, 4,950,000 krónur í formi menningarstyrkja til 10 verkefna og tveir stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar, til Sjóminjasafnsins á Hellissandi og Frystiklefans á Rífi fyrir samtals 2,000,000 króna. Síðsumars verður aftur opnað fyrir

umsóknir í seinni úthlutun ársins í flokki atvinnu- og nýsköpunarstyrkja. Mikil gróska er í atvinnu- og menningarlífi á Vesturlandi og mörg áhugaverð verkefni sem eru komin í gang eða eru í bígerð fá byr undir báða vængi með þessum styrkveitingum Uppbyggingarsjóðs Vesturlands.

SJ

ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSTYRKIR

Hop on Hop off	Snæfellsnes Adventure ehf.	750,000
Slow tourism og hópefli í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi	Louferðir ehf.	600,000
Blálilju vín	Bjargarsteinn ehf.	400,000
Viðbót við starfandi fyrirtæki	Blossi ehf.	250,000
Samtals:		2,000,000

MENNINGARSTYRKIR

TeneRif - Listahátíð	The Freezer ehf.	1,000,000
Umbrotafærð	Skúmaskot Films ehf.	750,000
Himinbjörg listhús,	3 Veggir listrými	500,000
Listaverk vegna 70 ára afmælis Kvenfélags Ólafsvíkur	Kvenfélag Ólafsvíkur	500,000
Hvalurinn	Olena Sheptytska	500,000
Tónleikar í Grundarfjarðarkirkju	Listvinafélag Grundarfjarðarkirkju	400,000
Eyrbyggjasaga Myndrefill á Snæfellsnesi	Eyrbyggjasögufélag	400,000
Bergmál-Echo	Jökulhús ehf.	400,000
Gamla Pakkhúsið í Ólafsvík	Hollvinafélag Pakkhússins Ólafsvík	300,000
Söngvar að heiman - songs from home		200,000
Samtals:		4,950,000

STOFN- OG REKSTRARSTYRKIR MENNINGAR

Sjóminjasafnið á Hellissandi	Sjóminjasafnið í Sjómannagarðinum	1,000,000
Frystiklefinn - Menningarmiðstöð.	The Freezer ehf.	1,000,000
Samtals:		2,000,000

DVALAR OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ

Fellaskjól

*Starfsfólk óskast
til sumarafleysinga.*

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól í Grundarfirði auglýsir eftir sjúkraliðum/almennum starfsmönnum í umönnun í sumar. Um er að ræða vaktavinnu.

Á Fellaskjöli eru 12 hjúkrunarrými. Heimilið býður uppá góða aðstöðu fyrir bæði íbúa og starfsfólk og stuðlar að góðum starfsanda. Öll kyn eru velkomin til þess að sækja um störf hjá Fellaskjöli.

Gerð er krafa um:

- Góða hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhuga á samskiptum við íbúa og umönnun aldraðra
- Íslensku kunnáttu

**Frekari upplýsingar veitir
Patricia Laugesen, forstöðumaður Fellaskjöls
í netfanginu fellaskjol@simet.is**

Breyting á sorphirðu í Snæfellsbæ og hækkun sorpgjalda

Ágætu íbúar.

Á þessu ári verð miklar breytingar gerðar á sorphirðu í Snæfellsbæ og jafnframt verður mikil hækkun á sorpgjöldum.

Á liðnu ári var unnið að þeim breytingum sem koma til með að koma til framkvæmda frá og með 1. apríl 2024. Snæfellsbær réð til sín sérfræðinga sem aðstoðuðu okkur við að skipuleggja hið nýja fyrirkomulag í sorpmálunum ásamt því að þeir undirbyggju sorpútboðið fyrir okkur.

Nú er gerð krafa á landsvísi um flokkun á sorpi í sex flokka. Mun Snæfellsbær verða með fjóra af þeim flokkum heima við hús og tvo flokka á grenndarstöðvum sem komið verður upp í sveitarfélaginu.

Í lögum er kveðið á um það að sveitarfélög megi ekki borga með umsýslu á sorpi í sveitarfélaginu og á að innheimta hjá íbúum allan þann kostnað sem til fellur vegna sorpmála. Hjá okkur hefur þetta ekki verið svo. Sorpgjöldin í Snæfellsbæ hafa aldrei náð að dekkja nema tæp 50% af þeim kostnaði sem fellur til.

Staðan er því þannig í dag að sorpgjöldin hjá okkur í Snæfellsbæ munu hækka hjá íbúðareigendum úr kr. 41.500.- í kr. 90.000.-, en hjá sumarhúsa eigendum úr kr. 16.000.- í kr. 35.000.- Nýgjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ er auglýst í Bæjarblaðinu Jökli í dag.

Við gerum okkur grein fyrir að þetta eru miklar hækkningar, en því miður ráðum við litlu um þetta þar sem búið er að leggja gríðarlega auknar kröfur um flokkun sorps á sveitarfélögin, og eftir þessum kröfum verður Snæfellsbær að fara eftir. Okkar staða er

ekkert einsdæmi, heldur er þetta svona um allt land því miður.

Þann 21. janúar verður opið útboð á sorphirðu hjá okkur og gerum við það í samstarfi við Grundarfjarðarbæ í þeirri von að við fáum hagstæðari tilboð. Verði tilboðin mjög hagstæð þá skapast hugsanlega möguleiki á að lækka gjöldin og mun Snæfellsbær gera það ef svigrúm skapast.

Snæfellsbær hefur þegar fest kaup á húsnæði og aðstöðu Terru á Ennisbrautinni, móttökustöðinni Enni, en þar verður áfram móttaka á sorpi í sveitarfélaginu óháð því hver hreppir útboðið.

Búið er að kaupa nýjar viðbótartunnur sem dreift verður á heimili í sveitarfélaginu nú í vor. Jafnframt verða allar tunnur sem þegar eru heima við hús endurmerktar til að fólk geti flokkað rétt heima hjá sér.

Sú breyting sem verður við heimili fólks er sú að það verða 3 tunnur við hvert hús, í stað tveggja nú. Í tunnunni fyrir almennt sorp verður önnur tunna fyrir lífrænan úrgang, svokallað tunna í tunnu kerfi, þannig að við heimilin verða fjórir flokkar þ.e. almennt sorp, lífrænt, pappi og plast. Áður en komið verður með tunnurnar í vor þá verða íbúar látnir vita og enn betur verður farið yfir þessar breytingar.

Snæfellsbær mun jafnframt setja upp grenndarstöðvar þar sem fólk getur komið með það sorp sem ekki verður flokkað í tunnu heima við hús, en þeir flokkar eru járn og gler. Þegar þetta er skrifað þá er stefnt á að setja upp slíka aðstöðu í þéttbýlinu í Snæfellsbæ, á Hellnum og á Arnarstapa en hvar þær verða nákvæmlega munum við upplýsa

íbúa um þegar nær dregur.

Gert er ráð fyrir að nýja fyrirkomulagið taki gildi hjá okkur frá og með 1. apríl eins og áður segir en við gerum okkur grein fyrir að það gæti tekið aðeins lengri tíma. Við vonum hins vegar það besta.

Tíðnin á sorphirðunni mun einnig taka breytingum. Almenn og lífrænt sorp verður losað á þriggja vikna fresti frá september til maí, en á tveggja vikna fresti frá júní til ágúst, eins og er í dag. Losun á pappir og plastumbúðum verður á fimm vikna fresti. Ástæð-

ur fyrir því að við breytum þessum er að með aukningu á fjölda íláta heima við hús þá verður ekki þörf fyrir eins mikla tíðni í losun eins og er í dag.

Margar áskoranir fylgja þessum miklu breytingum en við erum í engum vafa um að það muni takast vel hjá okkur með góðri samvinnu við íbúa sveitarfélagsins.

Frekari fréttir af sorpmálum munum við síðan setja inn þegar nær dregur umskiptunum.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Undirbúningur sumarsins hafinn

Víkingur Ólafsvík hefur undanfarið verið að skrifa undir samninga við nýja leikmenn og endurnýja samninga við eldri leikmenn. Heimamaðurinn Anel Crnac er einn þeirra sem hefur undirritað nýjan samning við liðið en samningurinn gildir út næstu tvö keppnistímabil. Anel lék 17 leiki með liðinu í sumar en fór svo í háskólanám til Bandaríkjanna. Hann kemur aftur í vor og er þá klár í slaginn með liðinu. Varnarmaðurinn Daði Kárason sem var hjá liðinu á síðasta tímabili hefur gert nýjan eins árs samning við Víking

Ólafsvík. Daði er 22 ára gamall og kom til Víkings fyrir síðasta tímabil. Hann lék 30 leiki í fyrra og var í stóru hlutverki hjá liðinu. Arnór Siggeirsson, sem var fyrirliði liðsins á síðasta tímabili, hefur einnig framlengt sinn samning. Arnór er 25 ára gamall miðjumaður og verður þetta þriðja tímabilið hans hjá Víkingi. Víkingur er einnig að fá til sín nýjan leikmann en samið var við spænska leikmanninn Ibrahim Boulahya El Miri og spilar hann með liðinu í sumar. Ibrahim er 26 ára gamall.

JJ

Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

Gjaldskrá

fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ 2024

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Snæfellsbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvern sumarbústa í Snæfellsbæ og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Tunnugjald fer eftir rúmmáli þeirra sorphlátana sem eru við heimili og er sem hér segir:

3 tunnur: almenn/lífræn, pappír, plast	30.000
Aukatunna: almenn/lífræn	25.000
Aukatunna: pappír	15.000
Aukatunna: plast	15.000

4. gr.

Söfnun, förgun, móttaka og flokkun sorps, sem og önnu gjöld, eru sem hér segir:

Sorpförgun – heimili	40.000
Sorpförgun – sumarhús/takmörkuð ívera	20.000
Rekstur grenndarstöðva – heimili	20.000
Rekstur grenndarstöðva – sumarhús/takmörkuð ívera	15.000
Endurnýjunargjald tunnu	15.000

Innifalið í sorpförgunargjaldi eru 12 komur á gámastöð með almennan grófflokkaðan úrgang, þó þarf að greiða komugjald að upphæð kr. 500.- við hverja heimsókn á gámastöð.

5. gr.

Tæknideild Snæfellsbæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja göld á þá aðila sem verða uppvísir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. desember 2023 með stoð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ nr. 1486/2022.

Snæfellsbær, 7. desember 2023



Sameiningar hreinna dreifbýlissveitarfélaga og þjónusta

20. desember var greinin "Sameiningar hreinna dreifbýlissveitarfélaga og þjónusta" birt í sérhefti tímaritsins Íslenska Þjóðfélagið. Greinin var skrifuð af Bjarka Þór Grönfeldt og Vífli Karlssyni hjá Rannsóknarsetri í byggða- og sveitarstjórnarmálum sem Bifröst og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi eiga aðild að.


Í greininni er kannað hvort hvort fólk í dreifbýli sé ánægðara með þjónustu síns sveitarfélags í fámennu hreinu dreifbýlissveitarfélagi eða í dreifbýli blandaðra sveitarfélaga sem hluti af stóru sveitarfélagi þar sem stærri þjónustukjarna er að finna. Fræðilega séð ætti fjölmennara sveitarfélag að geta veitt betri þjónustu, en íbúar í dreifbýli hafa gjarnan áhyggjur af því að byggðalagið verði jaðarsett innan sameinaðs sveitarfélags. Oft falla sameiningartillögur á andstöðu íbúa fámennasta sveitarfélags sameiningarinnar sem kosið er um en dæmi um kosningar um sameiningu sveitarfélaga þar sem tillagan fellur á atkvæðum dreifbýlisins er kosning Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps árið 2022, nokkrar kosningar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps, auk kosninga um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.

Því fannst rannsakendum mikilvægt að skoða hvort dreifbýlissamfélög njóti þess að vera hluti af hagstæðari heild eða verði enn afskiptari út frá ýmsum kenningum kjarna og jaðars varðandi úthlutun gæða. Notuðu þeir gögn úr íbúakönnunum landshlutanna frá 2016, 2017 og 2020 og greindu þau með aðhvarfsgreiningu. Þá kom í ljós að íbúar í dreifbýli stórs sameinaðs sveitarfélags eru ánægðari en í íbúar í fámennu hreinu dreifbýlissveitarfélagi. Íbúar í dreifbýli blandaðra sveitarfélaga og íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga

höfðu svipað viðhorf til sveitarfélags síns almennt, en meiri dreifni í svörum íbúa hreinna dreifbýlissveitarfélaga gefur til kynna að afstaða þeirra sé ólíkari innbyrðis.

Þretán þjónustubættir voru skoðaðar; skipulagsmál, ásýnd, sormál, þjónusta við aldraða, dvalarheimili, þjónusta við fólk með fötlun, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda, þjónusta við innflytjendur, grunnskóli, leikskóli, tónlistarskóli, möguleikar til íþróttar- og tómstundaiðkunar, unglingsstarf. Samandregið er niðurstaðan sú að íbúar hreinna dreifbýlissveitarfélaga voru óánægðari með sjö þjónustubætti sveitarfélaga af þeim 13 sem horft var til. Það voru fjórir bættir sem falla undir félagsþjónustu; þjónusta við aldraða, dvalarheimili, aðstoð við fólk í fjárhagsvanda og þjónusta við innflytjendur, tveir sem flokkast undir fræðslu-, uppeldis, íþróttar- og æskulýðsmál; tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar og gæði unglingsstarfs og að lokum skipulagsmál. Hins vegar voru íbúar þessara sveitarfélaga ánægðari með tónlistarskólann.

Sveitarfélög á Íslandi í janúar 2019



Einnig kom í ljós að meiri stöðugleiki var í gæðum grunnskóla og leikskóla ef þeir voru hluti af stórum sveitarfélagi. Almennt virðist vera betri þjónusta í fjölmennari sveitarfélögum en fámennari, hröð þróun og auknar kröfur um þjónustu krefst sérfræðipækkiingar sem fámenn sveitarfélög ráða illa við.

Niðurstöðurnar benda því til þess að hrein dreifbýlissveitarfélög kæmu betur út sem blönduð sveitarfélög ef kæmi til sameiningar. Segja þeir niðurstöður sínar ekki koma alfarið á óvart en samhljómur er með þeim og öðrum rannsóknnum á sameiningu sveitarfélaga á Íslandi. Þá styðja niðurstöður rannsóknarinnar kenningar í hagfræði um stærðarhagkvæmni, sérstaklega þegar um er að ræða sérhæfð verkefni sem krefjast mikilla fjárfestinga. Niðurstöðurnar hafa því sérstaka þýðingu fyrir byggðapröun dreifðra byggða á Íslandi og minna þeir á eldri rannsókn Karls Benediktssonar og Hjalta Nielsen frá 2008 sem benti til þess að brottflutningur hafi verið meiri frá svæðum með lágt þjónustustig. Það ætti því að vera kappsmál dreifbýlissamfélaga að efla þjón-

ustu með sameiningu við blandað sveitarfélag þéttbýlis og dreifbýlis.

Á Íslandi er sterk hefð fyrir sjálfsákvörðunarrétti íbúa í sameiningarmálum og ákvörðunartaka verður því að fara fram í opnu og lýðræðislegu ferli sem endar með kosningu allra íbúa. Telja þeir Bjarki og Vífill mikilvægt að í aðdraganda slíkra kosninga hér á landi verði niðurstöður rannsókna sem þessarar kynntar íbúum hreinna dreifbýlissveitarfélaga svo að g-hægt sé að taka upplýsta ákvörðun um sameiningu. Dráttur á sameiningum virðist vera til þess fallinn að grafa undan gæðum þeirrar þjónustu sem íbúar eiga rétt á samkvæmt lögum og hafa greitt fyrir með sköttum sínum. Þjónusta sem er mjög mikilvæg börnum þeirra en ekki síður þjónusta viðkvæmra hópa samfélagsins, eins og eldri íbúa þar sem fólk getur verið veikt fyrir og mikilvægt að hlúð sé vel að hverjum og einum. Greinin má nálgast í heild sinni á vefsíðu Samtaka Sveitarfélaga á Vesturlandi eða í tímaritinu Íslenska þjóðfélagið.

SJ



Gamla Pakkhúsið

Upplýsingar um starf Hollvinasamtaka Pakkhússins 2023

Pakkhúsið var byggt eftir stórbruna þegar þrjú Clausens verslunarhús brunnu árið 1843. Eignandinn Hans A Clausen lét reisa önnur ný hús árið 1844.

Húsin hafa verið í þjónustu margra verslana auk Clausen má nefna Jón Proppé frá 1903-1925, Finnbogi Lárusson var þar á eftir.

Kaupfélagið Dagsbrún var stofnað árið 1943, þá fyrst kynntist fólk hér nútímaverslunarháttum. Verslunarhúsið sem hýsti starfsemi kaupfélagsins Dagsbrúnar brann árið 1964

Árið 1971 var Pakkhúsið friðað. Hörður Ágústsson húsameistari gerði úttekt á húsinu og árið 1984 teiknaði Júlíana Gottskálksdóttir arkitekt það upp. Árið 1987 er fagnað var 300 ára verslunarfæmli Ólafsvíkur var ráðist í fyrsta viðgerðaáfangahússins. Árið 1997 var miðhæðin kláruð undir umsjón Jóns Nordsteien arkitekts og ári seinna var sett þar upp sýning á munum úr förum Byggðasafns Ólafsvíkur og var Steinþór Sigurðsson sýningarhönnuður.

Árið 2021 sóttu Hollvinasamtökin um styrk í Uppbyggingasjóð Vesturlands og fengu úthlutað kr. 300.000.

Í framhaldi af því fengu Hollvinasamtökin Guðlaugu Dröfn Guðlaugsdóttur sérfræðing í MA safnafræði og MFA myndlist til að endurskoða safnið og geymslu á Hellissandi. Skilaði hún ítarlegri skýrslu ásamt því að skila góðri vinnu í safninu á miðhæð Pakkhússins. Aftur var sótt um styrk til Uppbyggingarsjóðs Vesturlands sl. haust og var sam-



tökunum úthlutaðar kr 300.000.- verður leitað aftur til Guðlaugar sérfræðings til áframhaldandi vinnu á miðhæðinni ásamt því að fara yfir muni í eigu safnsins.

Svo er það draumur Hollvinasamtakanna að setja upp minni sýningar á jarðhæð Pakkhússins. Hefur komið til tals að koma upp sýningu um Jóhann Jónsson frá Ólafsvík, og halda áfram verki sem Aðalsteina Sumarliðadóttir var búin að vinna mikið í, að gera Jóhanni skáldi góð skil.

Þá vilja Hollvinasamtökin benda á að (æskilegt) nauðsynlegt er að hafa upplýsingamiðstöð á neðri hæð Pakkhússins. Hvern dag er fjöldi fólks sem er gangandi kringum húsið og hefur áhuga á að komast inn. Starfsmaður upplýsingamiðstöðvarinnar s.l. sum-

ar hefur einnig bent á þessa þörf.

Margt félagsfólk hefur mikinn áhuga á að byggja geymslu á lóð Pakkhússins annaðhvort skemmu með sama byggingarlagi og húsið eða endurbýggja byggingu sem var við Pakkhúsið eins og meðfylgjandi mynd sýnir, bygging sem

er lágrest, ein hæð býður uppá ýmsa möguleika.

Ólafsvík, 10. janúar 2024

F.h. Hollvinasamtaka Pakkhússins
Jenný Guðmundsdóttir
Ragnheiður Víglundsóttir

UMFG á toppi deildarinnar



Önnur umferð í 4. deild kvenna í blaki hófst 12. janúar síðastliðinn og er lið UMFG á toppi deildarinnar. Liðið hefur unnið alla leikina sína í vetur og aðeins tapað einni hrinu. 14. jan-

úar keppti UMFG við Vestra og vann þann leik 2-0 en UMFG og Vestri eru efstu liðin í deildinni. UMFG er með 32 stig eftir 11 leiki, heilum 7 stigum á undan Vestra sem er í öðru sæti.

JJ



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Gjaldskrá

fasteignagjalda í Snæfellsbæ 2024

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati húsa og lóða í Snæfellsbæ, sem tekur meðal annars mið af stærð þeirra, notkun og lóðarhlutastærð. **Álagningarstofninn er fenginn frá Þjóðskrá Íslands 31. desember ár hvert auk þess sem fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðarmótum eftir að þau eru skráð og metin í Fasteignaskrá.** Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðamót eftir að mannvirki er afskráð í Þjóðskrá Íslands. Byggingarfulltrúi sendir Þjóðskrá Íslands upplýsingar og gögn um nýbyggingar, viðbyggingar, eldri byggingar sem er breytt, hús sem eru rifin og aðrar viðeigandi upplýsingar. Eigendaskráning húsa og lóða er í höndum Sýslumannsins á Vesturlandi og er hún í samræmi við þinglýst skjöl/gögn. Allar þessar upplýsingar eru notaðar við álagningu fasteignagjalda, leiðréttingar, reikningagerð og innheimtu sem fer fram hjá Snæfellsbæ

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A-skattflokkur

Fasteignaskattur – A-flokkur	0,44%	af fasteignamati
Lóðarleiga – A-flokkur	1,80%	af lóðarmati
Vatnsgjald – A-flokkur	0,21%	af fasteignamati
Fráveitugjald – A-flokkur	0,11%	af fasteignamati
Sorphirðu- og sorpeyðingargjald á íbúðir	90.000.-	á íbúð (116% hækkun)
Sorpeyðingar- og gámagjald á sumarhús	35.000.-	á sumarhús (118% hækkun)

Fasteignagjöld á annað húsnæði: B- og C-skattflokkur

Fasteignaskattur – B-flokkur	1,32%	af fasteignamati
Fasteignaskattur – C-flokkur	1,55%	af fasteignamati
Lóðarleiga – B- og C-flokkur	2,50%	af lóðarmati
Vatnsgjald – B- og C-flokkur	0,45%	af fasteignamati
Fráveitugjald – B- og C-flokkur	0,20%	af fasteignamati

Í **A-flokki** eru íbúðir, íbúðarhús, sumarhús, útihús og mannvirki á bújörðum tengd landbúnaði.

Í **B-flokki** eru opinberar byggingar. Í **C-flokki** eru allar aðrar byggingar.

Aukavatnsskattur fer úr 29 krónum í 31 per rúmmeter. Það er hækkun um 7% milli ára.

Veittur er afsláttur af **fasteignaskatti** til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem búa í eigin íbúð. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs og er hámarksafsláttur kr. 140.000.-

ATH: afsláttur og tekjumörk hækka miðað við hækkun á launavísitölu.

100% lækkun

Einstaklingar með heildarárstekjur allt að 5.550.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur allt að 8.650.000 krónur

75% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 5.550.001 - 6.150.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 8.650.001 - 9.250.000 krónur

50% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 6.150.001 – 6.750.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 9.250.001 - 9.850.000 krónur

25% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 6.750.001 - 7.350.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 9.850.001 - 10.450.000 krónur

Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2023 vegna skatttekna ársins 2022, þ.e. samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals(reitur 3.10.)

Gjald dagar fasteignagjalda eru 10: 1. febrúar og síðan 1. hvers mánaðar (mars – nóvember)

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga.

Veittur er 3% staðgreiðsluafsláttur ef gjöldin eru greidd í heild sinni fyrir 15. mars 2024.

Hægt er að ganga frá staðgreiðslu með því að draga 3% frá heildarálagningu gjaldanna og leggja inn á banka: 0190-26-4240, kt.: 510694-2449.

